

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2015, mánudaginn 27. apríl kl. 15:30, var haldinn 128. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson, Sandra Berg Cepero, Björn Þorláksson, Björn Jón Bragason, Leifur Björnsson og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Eyrún Magnúsdóttir frá Ungmennaráði Háaleitis og Laugardals og Baldur Örn Arnarson verkefnastjóri á ÞLH sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir fyrsta dagskrárlið var Ómar Einarsson, sviðsstjóri ÍTR.

Þetta gerðist:

1. Ómar Einarsson, sviðsstjóri ÍTR, er gestur fundarins undir fyrsta dagskrárlið. Fram fer umræða um starfsemi ÍTR í hverfinu og fyrirhugaðar framkvæmdir á mannvirkjum ÍTR í Laugardalnum.
2. Fram fer úthlutun úr Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar. Fimm styrkumsóknir bárust hverfisráði Laugardals að þessu sinni.
Hverfisráðið hefur 566.000kr til ráðstöfunar.
Ákveðið að veita foreldra- og kennarafélagi Laugarnesskóla styrk að upphæð kr. 180.000 vegna verkefnisins 10 ára í tjaldi.
Ákveðið að veita Langholtsskóla styrk að upphæð kr. 116.000 vegna verkefnisins Fræðsla um netnotkun barna og unglinga – og notkun samfélagsmiðla.
Ákveðið að veita Foreldrafélagi Langholtsskóla styrk að upphæð kr. 120.000 vegna verkefnisins Hjóladagur Langholtsskóla.
Ákveðið að veita Jóhönnu Gísladóttur styrk að upphæð kr. 150.000 vegna verkefnisins Manneskja – umhverfi – menning.

Ákveðið að hafna umsókn Eddu Margrétar Guðmundsdóttur vegna verkefnisins Innleiðing á núvitundarmiðaðri hópmeðferð í heilsugæslu.
3. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar dags. 27. febrúar 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Laugardals austurhluta vegna lóðarinnar nr. 32 við Holtaveg. í breytingunni felst að gerðir eru tveir byggingareitir fyrir færanlegar kennslustofur, samkvæmt uppdrætti Umhverfis- og Skipulagssviðs dags. 25. febrúar 2015.

Hverfisráð gerir ekki athugasemdir við tillöguna.
4. Tekin fyrir styrkumsókn Samfok. Afgreiðslu umsóknarinnar var frestað á síðasta fundi ráðsins þann 18. mars sl.

Ákveðið að hafna umsókninni á þeim grundvelli að fyrirliggjandi samningur Reykjavíkurborgar og Samfoks náí yfir verkefni á borð við það sem sótt er um vegna.
5. Fram fer umræða um stefnu hverfisráðs þegar kemur að úthlutun styrkja úr sjóði hverfisráðs.
Ákveðið að hverfisráðið muni móta stefnu um úthlutun styrkja fyrir næsta fjárhagsár.
6. Fram fer umræða um ósk hverfisráðsins um að haldinn verði íbúafundur vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis og felur í sér fjölgun bílastæða við lóð nr. 75 við Suðurlandsbraut og breyttri aðkomu að leikskólanum Steinahlíð. Hverfisráð Laugardals ákvað á síðasta fundi sínum, þann 18. mars sl. að óska eftir því að tillagan yrði dregin tilbaka og að haldinn yrði íbúafundur með hagsmunaaðilum.

Nú stendur yfir skipulagning íbúafundar um málefnið að hálfu Umhverfis- og Skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Hverfisráðið mun senda einn fulltrúa á fundinn og Íbúasamtök Laugardals einn fulltrúa.

7. Fram fer umræða um endurskoðun aðgerðaáætlunar Menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

Hverfisráð Laugardals samþykkti eftirfarandi bókun:

Hverfisráðið óskar eftir upplýsingum um það hvort að við endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar liggi fyrir áform um að dreifa betur verkefnum og viðburðum niður á einstaka hverfahluta borgarinnar?

8. Fram fer umræða um íbúáþingið sem hverfisráðið stóð fyrir og var haldið í Laugabóli þann 23. mars sl.

Fundi slitið kl. 17:25

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)

Björn Jón Bragason (Sign)

Björn Þorláksson (Sign)

Leifur Björnsson (Sign)